

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.10.18
Málalykill	0430
Mál nr.	1809156



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
B.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 12. október 2018
Tilv.: MMR15011988/6.14.2-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ lokið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Námsmatsstofnun að gera úttekt á Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ haustið 2014. Úttektin var gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og var markmiðið að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Skýrslu um úttektina var skilað til ráðuneytisins í janúar 2015. Í kjölfar skýrslunnar sendi ráðuneytið sveitarfélaginu bréf með óskum um umbætur dags. 5. október 2015. Umbótaáætlun barst ráðuneytinu dags. 7. apríl 2016.

Ráðuneytið sendi sveitarfélaginu og Hjallastefnunni ehf. bréf dags. 14. júní 2017 með beiðni um staðfestingu skólastjóra og sveitarstjórnar á að umbótum væri lokið. Auk þess óskaði ráðuneytið eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólafarfinu í kjölfar úttektarinnar.

Í bréfi Garðabæjar til ráðuneytisins, dags. 14. september 2017 kom fram að enn væru nokkrir þætti í umbótaáætlun óunnir en áætlað var að þeim yrði lokið um áramótin 2017/2018. Þann 11. október 2018 bárust upplýsingar um framgang umbóta og staðfesting sveitarfélagsins á að umbótum í kjölfar úttektar væri lokið.

Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins. Málinu er hér með lokið að hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

Sunna Viðarsdóttir
Sunna Viðarsdóttir

Björk Óttarsdóttir
Björk Óttarsdóttir

Ljósrit:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, skólastjóri og skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, skólanefnd Garðabæjar og Hjallastefnan ehf.